

Grunnvíkingalögin

1. Lag: Stóð ég úti í tunglsljósi

Grunnavíkurhreppur er gimsteinn þessa lands.
Glitrar sól á fjörðum þar öldur stíga dans.
Grænar eru hlíðarnar og fjöllin fagurblá
og fannahvít er Drangajökuls-bungan tignarhá

Einhvern tíman bráðum ég ætla mér á stjá.
Ég ætla þangað norður að skoða fjöllin blá.
Þá skal verða gaman að geta fótum tveim.
Gengið fornar slóðir og verið komin heim.

Sigurvin Guðbjartsson

2. Lag: Við göngum svo léttir í lundu

Ég átti mér æskudag blíðan
í indælli broshýrri sveit.
Og aldrei um ævina síðan,
ég aðra þér betri né fegurri leit.
;: Þá brostu blóm í hlíð
og blessuð sólin fríð.
Hún yljar mér enn þá sú æskutíð ;,

Ég elskaði allt hérna heima
og ætíð mun sveitina þrá.
Lautirnar leikföngin geyma,
og leyndarmál smá sem við áttum þá.
;: Ó Grunnavíkursveit
ég gleðst af því ég veit
að guð elskar ætíð þann sælureit ;:

Sigurvin Guðbjartsson

3. Lag: Undir bláhimni.

Er ég fyrst heyri vorfugla kvaka
þá vil ég flýja í sveitina heim.
Ég hugsa ekkert um ferðir til baka
því ég vil hlusta og syngja með þeim.
Hann er dýrðlegur lóunar söngur
vilt þú hlusta á þrastana hjal .
Innst í brjósti mér blíðóma strengur
berst með blænum um fjallanna sal.

Gunnar Leósson

4. Með sínu lagi.

Fjarðasveit með fjöllin háu
fagra töfra landið mitt.
Æskusporin öll hér lágu
alltaf verð ég barnið þitt.
Ég hef átt hér eins og fleiri
ótal gleði og sælustundirnar
;: Sérhver ferð á Flæðareyri
fagrar vekur endurminningar;:

Lag og ljóð Sigurvin Guðbjartsson

5. Lag: Blessuð sértu sveitin mín.

Aldna byggð við Bjarnarnúp.
Breiða sveit við Jökulfjörðu.
Við Hornbjarg yst og Geirólfsgnúp
gnauðar hafsins mikla djúp.
Sveipast djúpum dularhjúp
Drangajökull fagurgjörður.
Aldna byggð við Bjarnarnúp
breiða sveit við Jökulfjörðu.

Eiríkur Guðjónsson

6.

Hér forðum var norður í fjörðunum kátt.
Hæ faddi ri hæ faddi ra.
Er fólkíð kom saman og dansaði dátt.
Hæ faddi ri húrra.
Boðum var komið frá bæjum að bæ
að ball skyldi haldið og húllum og hæ.
Á Flæðareyri, Flæðareyri, Flæðareyri, Húrra.

Og þá varð að far' í sitt fínasta púss.
Hæ faddi ri hæ faddi ra.
Þó fylgdi því smávegis umrót og stúss.
Hæ faddi ri húrra
Krullujárn liðuðu lokka á snót
og lit fengu varir af bréfi af rót.
Á Flæðareyri, Flæðareyri, Flæðareyri. Húrra.

En strákarnir sát' ekki heldur í ró.
Hæ faddi ri hæ faddi ra.
Og drógu upp danska og támjóa skó.
Hæ faddi ri húrra.
Það þætt' ekki í dag vera sérlega smart
skálmár á fermingabuxum treikvart.
Á Flæðareyri, Flæðareyri, Flæðareyri. Húrra.

Þó vegleysur settu menn vandræði í.
Hæ faddi ri hæ faddi ra.
Hann Ragnar á Rönkunni bjargaði því.
Hæ faddi ri húrra.

Og dæmalaust fólkíð þá dansaði dátt
er dragspilið þand'ann um liðlanga nátt.
Á Flæðareyri, Flæðareyri, Flæðareyri. Húrra.

Ef sultur að dansgestum sverfa þar tók.
Hæ faddi ri hæ faddi ra.
Þá var engin sjoppa með samloku og kók.
Hæ faddi ri húrra.
En til þess að traktera dömuna vel
Einn rabbó með rjóma og njóttu nú vel.
Á Flæðareyri, Flæðareyri, Flæðareyri. Húrra.

Já inni menn dönsuðu af krafti og móð.
Hæ faddi ri hæ faddi ra.
Þá örur sló' hjörtu í augum skein glóð.
Hæ faddi ri húrra.
En úti beið nóttin svo björt og svo blíð
hve blómstraði náttúran öll í þá tíð.
Á Flæðareyri, Flæðareyri, Flæðareyri. Húrra.

Þá fiðringur ljúfur í loftinu lá.
Hæ faddi ri hæ faddi ra.
Er rómantik fór sér að fjölga og sá.
Hæ faddi ri húrra.
Þau flögrandi fræ urðu að fallegrí rós
hjá Stínu á Dynjanda og Ragnari í Kjós.
Á Flæðareyri, Flæðareyri, Flæðareyri. Húrra.

Við Flæðarhól áði oft ástfangið þar.
Hæ faddi ri hæ faddi ra.
En engum hann segir frá atvikum þar.
Hæ faddi ri húrra.
Hann skjól veitti vinum sem frið vildu fá
og forðaði forvitnum augum að sjá.
Á Flæðareyri, Flæðareyri, Flæðareyri. Húrra.

Þó tímarnir breytist og mennirnir með.
Hæ faddi ri hæ faddi ra.
Og fleira er nú sem að kætir vort geð.
Hæ faddi ri húrra.
Þá á þetta hús og allt umhverfi þess
í hjartanu stóran og unlegan sess.
Á Flæðareyri, Flæðareyri, Flæðareyri. Húrra.

Sjöfn Kristinsdóttir

7. Með sínu lagi
Ég vildi ég sæi strolluna
koma niður hólana.
Sillu, Dóru og Soffíu
Soffíu, Soffíu.
Gest, Kitta og Ólínu
Fríðu, Einar og Kristínu.
Gumma, Grím og Þóreyju
Jakob Fals og frú.

8. Lag: Í Hallormsstaðaskógi
Í Flæðareyrarskógi
er angan engri lík
og alsæl þar við erum
hver stund er unaðsrík.
Þar blágresi og blóðberg
í brekkum líta má
og sjávarins niður
og söngfugla kliður
þar fylla loftin blá.

Í Flæðareyrarskógi
enn gerast ævintýr
og engan getur grunað
hvað undir trjánum býr.
Er sólin vermir vanga
og vetrarkuldinn dvín
þá lifnar allt aftur
og magnast sá kraftur
er laðar líf til sín.

Hlíf Guðmundsdóttir

9. Lag: Alparós
Sveitin kær. Sólin skær
sveipar þig dýrðarljóma.
Engi og völl faðma fjöll,
fegursta sveitin blóma.
Blómið sem óx þar innst í mér
á sér þar sterkar rætur.
Allt sem er, ilm þess ber.
Andi þess hlær og grætur.

Grunnavík gróðurrík.
Gnæfir þar fjallaprýði.
Maríuhorn helg og forn
hefjast þar listasmíði.
Brimið sem tíðum við sandinn svarf
er söngur í vitund okkar.
Yndisarf eiga þarf.
Eitthvað sem hugann lokkar.
Höfðaströnd. Hagleikshönd
hugljúfar rista myndir.
Jökulbrún bæir tún
í brekkunum niða lindir.
Kyrjar stormur við klettaskörð,
kaldur á Tröllafelli.
Lækkar jörð við Leirufjörð.
Lýsir þar máni á svelli.
Sigfús Kristjánsson